

## Fundargerð

Fundur í stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar  
mánudaginn 7. nóvember kl. 16.



Fundarstaður: Fundarsalur í Stjórnsýsluhúsinu, Maríutröð 5a.

Mætt eru: Áslaug Guttormsdóttir formaður, Karl Kristjánsson og Sandra Rún Björnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

1. 1611004 – Nýr rammasamningur milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila.

Skrifað var undir rammasamning um þjónustu í hjúkrunar- og dvalarrýmum hjúkrunarheimila þann 21. október sl. Þetta er fyrsti heildstæði samningurinn hér á landi um þjónustu hjúkrunarheimila.

Samningurinn tók gildi þann 1. október sl. og er gildistími hans til ársloka 2018 með heimild til framlengingar til ársloka 2020.

Ef öll hjúkrunarheimili segja sig á samninginn munu greiðslur ríkisins vegna þjónustunnar hækka samtals um 1,5 ma.kr. á årsgrundvelli.

Þá felst hluti samkomulagsins um rammasamninginn í því að ríkið yfirtekur rúmlega 3 ma.kr. lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila á vegum sveitarfélaga.

Vilji hjúkrunarheimili segja sig á samninginn og starfa samkvæmt honum, skal það senda tilkynningu þar um **til Sí fyrir 15. nóvember 2016** og telst það þá aðili að samningnum.

*Hjúkrunarforstjóri hefur kynnt sér samninginn vel, hún fór yfir hann með stjórninni. Fyrir stjórn liggur að taka ákvörðun um það hvort hjúkrunarheimilið segi sig á samninginn.*

*Stjórn Barmahlíðar samþykkir að segja Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð á ramma-samning milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að afla gagna og senda með staðfestingu til Sjúkratrygginga Íslands.*

### Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.30.

---

---

---

---

---

---